

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík 06.10.2014

Efni: Úttekt á Verzlunarskóla Íslands.

Á vormisseri árið 2014 var gerð úttekt á Verzlunarskóla Íslands af fyrirtækinu Attentus. Skýrslu um niðurstöður þeirra var skilað í byrjun haustannar. Úttektaraðilar komu með ýmsar ábendingar um atriði sem betur mættu fara. Sum atriði voru þess eðlis að auðvelt er að kippa í liðinn eða að búið var að gera ráðstafanir. Síðan eru önnur atriði sem eru ekki eins einföld eða að við erum ósammála úttektaraðilum. Hér að neðan er stutt samantekt um viðbrögð við athugasemdum.

Virðingarfyllst,


Ingi Ólafsson
skólastjóri

Til að bregðast við ýmsum athugasemdum sem koma fram í skýrslu úttektaraðila hefur m.a. verið ráðinn starfsmaður í fullt starf sem hefur undir höndum m.a.

- gæðastjórnun
 - prófstjórn
 - endurmenntunarmál starfsmanna og móttaka nýrra starfsmanna
 - eftirlit með fjarvistum nemenda.
- **Kennsluhættir og námsmat:** Nemendum og kennurum í rýnihópum finnst of mikil áhersla á lokapróf og að símat hafi lítið vægi. Það verður vonandi breyting á þessu í tengslum við styttingu námstíma til stúdentsprófs, en sú vinna er í gangi. En fyrstu nemendur í þriggja ára nám verða teknir inn haustið 2015.
 - **Endurmenntun.** Gerð var athugasemd við að ekki væri markviss stefna um sí- og endurmenntun. Ráðinn hefur verið starfsmaður sem á m.a. að halda utan um endurmenntunarmál starfsmanna í samráði við skólastjórnendur.
 - **Móttaka nýrra starfsmanna.** Semja skriflegar verklagsreglur um móttöku nýrra starfsmanna – gæðastjóri og fá kennara/annan starfsmann til þess að annast hana.
 - **Starfsmannaviðtöl.** Allir kennarar eru kallaðir í viðtal hjá skólastjóra eða öðrum skólastjórnendum í framhaldi af eða á sama tíma og niðurstöður kennslukannanna eru ljósar og farið er yfir þær. Aðrir starfsmenn hafa fram til þessa ekki verið boðaðir sérstaklega í viðtal, en öllum samt staðið það til boða.
 - **Gera stjórnun markvissari.** Talað er um að skilaboð til starfsmanna þurfa að vera skýrari. Erfitt er að átta sig á hvað átt er við hér, en þessi mál verða tekin til endurskoðunar meðal stjórnenda. Einnig er talað um að taka þurfi á erfiðum starfsmannamálum. Stjórnendur eru ekki sammála þessu því tekið er á öllum málum sem koma á borð stjórnenda. Hins vegar er ekki víst að allir geri sér grein fyrir því, enda er ekki verið að auglýsa þessi mál. Stjórnendur munu hafa þessa athugasemd í huga.
 - **Skólaráð:** Úttektaraðilar gera athugasemd við það að skólaráð sé ekki virkt og benda á að lög um framhaldsskóla frá 2008 kveði á um að svo skuli vera. Það má vel vera að rétt sé að hafa skólaráð og verður bætt úr því. Hins vegar gilda önnur ákvæði um einkarekna skóla og er þeim í sjálfu sér í sjálfvald sett hvort skólaráð sé starfandi við skólann eða ekki.
 - **Kynjahlutfall.** Reynt er eftir megni að hafa hlutföll kynjanna sem jöfnust, jafnt meðal nemenda sem starfsmanna. Séu tveir jafnhæfir skal sá valinn sem er af því kyni sem hallar á.
 - **Virkja jafnréttisáætlun.** Áætlunin er endurskoðuð reglulega og er búið að gera það nú þegar í ár.

- **Verkferla um agamál** og fylgja þeim eftir: námsráðgjafar, skólastjórnendur
- **Forvarnarráð ekki nógu virkt.** Starfshlutfall námsráðgjafa hefur verið aukið og mun viðkomandi sinna forvörnum.
- **Námsmat þarf að vera skýrara í áfangalýsingum og kennslu/námsáætlunum.** Gæðastjóri ásamt yfirkennara mun lesa yfir lýsingar og áætlanir og lætur deildarstjóra annast lagfæringar þar sem þeirra er þörf. Gera í annarbyrjun.
- **Fylgjast með því hvort kennsla er í samræmi við áfangalýsingar og áætlanir.** Hluti af innra mati stjórnenda.
- **Nýta betur upplýsingatækni og nýja miðla í náminu.** Kennarar í 3.bekk gætu miðlað af reynslu sinni, halda örnámskeið reglulega um nýja tækni og miðla.
- **Laga netsamband.** Þetta hefur verið lagfært. Hins vegar verða oft vandræði þegar tækjum, sem tengjast netinu, fjölgar mjög mikið. En það er reynt að bregðast við jafn óðum.
- **Færa kennara til í starfi ráði þeir ekki við verkefni sitt.** Eðli kennarastarfsins er þannig að ekki er auðvelt að færa til í starfi. Niðurstöðum kennslukannanna er fylgt eftir. Skólastjóri/stjórnendur ræða við alla kennara um niðurstöður matsins og ræða það sem betur mætti fara. Kennurum er veitt aðhald og aðstoð eftir því sem er hægt. Því má einnig bæta við að stundum eru umkvörtunarefni nemenda þess eðlis að stjórnendur geta ekki alltaf tekið undir með þeim.
- **Gera nemendum kleift að koma meira að ákvarðanatöku um skólastarfið.** Stefnt er að því að endurvekja skólaráð, og koma að samningu nýju skólanámskrárinnar – verkefnastjóri þriggja ára námsins.
- **Efla innra mat.** Skilgreina mælikvarða, bæta kynningu á niðurstöðum og eftirfylgni, stofna sjálfsmatshóp: Skólastjórnendur, gæðastjóri (allt skólasamfélagið).
- **Bæta starfsanda.** Auka þátttöku í þróunarverkefnum, kynnisferðum og fleiru: Skólastjórnendur
- **Skjalfesta umhverfisstefnu.** Þetta verður hluti af grænfanaverkefninu sem er í gangi nú þegar.
- **Hækka hlutfall nemenda sem eru ánægðir með kennslu.** (í síðustu könnun voru það 63%): Gerist hugsanlega með eftirfylgni með námsáætlunum, námsmati, nýjum kennsluháttum með nýrri námskrá, betri nýtingu upplýsingatækni og eftirfylgni kennslukannanna.
- **Kennslukannanir.** Brugðist verður við ábendingum nemenda um að upplýsa þá um niðurstöður kennslukannanna og munu stjórnendur gera samantekt sem verður nemendum aðgengileg eins og kennurum.

- **Mætingakerfi.** Það er vitað að ýmsir foreldrar eru óánægðir með mætingakerfi skólans og vilja hafa meira um það að segja. Þessi mál hafa verið rædd á fundi stjórnenda skólans með stjórn foreldraráðs. Skólinn hefur ekki getað fallist á málflutning foreldra og hefur kerfinu því ekki verið breytt eins og þeir vildu nema að hluta til. Hins vegar má geta þess að mætingakerfið er skoðað reglulega og borið saman við aðra og því í takt við það sem gengur og gerist í framhaldsskólum landsins.

Verk - og framkvæmdaáætlun vegna úttektar á starfsemi VÍ	Ábyrgð:	Tímaáætlun																	
		ágúst	sept	okt	nóv	des	jan	feb	mars	apríl	maí								
Útfæra kennsluhætti og námsmat	Skólastjóri	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v								fylgir endurskipulagningu skólans
Sí - og endurmenntunarstefna	Gæðastjóri	v																	hefur hafið störf
Endurvekja skólaráð	Skólastjóri			v															?
Móttaka nýrra starfsmanna	Gæðastjóri	v																	hefur hafið störf
Starfsmannaviðtöl	Skólastjórnendur				v								v						gert eftir kennslukannanir
Virkinga jafnréttisáætlun	Skólastjórnendur		v																gert á starfsmannafundi
Endurskoða verkferla v/agabrota	Skólastjóri/námsráðgjafar	v	v	v	v														forvarnarfulltrúi hefur verið ráðinn
Endurvekja forvarnarráð	Skólastjóri		v																
Skýra námsmat í áfangalýs.	Yfirkennari	v				v													
Er kennsla í samræmi við áfangalýs.?	Yfirkennari	v								v									
Nýta betur upplýsingatækni	Yfirkennari	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	er í sífelldri þróun
Laga netsamband	Kerfisstjóri	v																	er í sífelldri þróun
Efla innra mat	Gæðastjóri	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	v	er í burðarliðnum
Endurskoða mætingakerfið	Yfirkennari	v																	gert í september
Bæta starfsanda	Skólastjórnendur																		
Skjal festa umhverfisstefnu	Skólastjórnendur /grænifáni								v										